

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1178/2014 um beingreiðslur í garðyrkju árið 2015.

1. gr.

1. mli. 1. gr. orðast svo: Árið 2015 skal greiða beingreiðslur að fjárhæð 272,5 milljónir kr. úr ríkissjóði til framleiðenda á gúrkum, tómötum og papriku eftir nánari ákvæðum í þessari reglugerð.

2. gr.

2. gr. verður svohljóðandi:

Heildarfjárhæð beingreiðslna skiptist á afurðir sem hér segir:

- a) Tómatar (að meðtöldum kirsuberja-, plómu-, kjöt- og klasatómötum) alls 133,7 milljónir kr.
- b) Gúrkur alls 99,3 milljónir kr.
- c) Paprika alls 39,5 milljónir kr.

Ef í ljós kemur að framleiðsluáætlanir gefa til kynna umtalsverða breytingu á framleiðslumagni milli tegunda er heimilt að endurskoða ofangreinda skiptingu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. janúar 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Rebekka Hilmarsdóttir.